

þeim sem tilgreindar eru í 1. mgr., þó þannig að afli í einni tegund fari aldrei yfir 1% af heildarafla bátsins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. desember 2001.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

## AUGLÝSING

### um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald, sbr. 10. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 122/2000, hefur verið ákveðið kr. 2.408 á mánuði, að meðtöldum virðisaukaskatti, frá og með 1. janúar 2002 og þar til öðruvísi verður ákveðið.

*Menntamálaráðuneytinu, 27. desember 2001.*

**Björn Bjarnason.**

*Örlygur Geirsson.*

## SAMPYKKT

### um notkun og hreinsun rotþróa í Hvítársíðuhreppi.

1. gr.

Skolp frá húsum í Hvítársíðuhreppi skal leiða gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á 3 ára fresti.

3. gr.

Hreinsun fer fram á vegum Hvítársíðuhrepps eða eigenda húsnæðis og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Allri seyru skal farga á viðurkenndan hátt.

4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró sem sveitarfélagið annast, skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald og skal það standa undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.